

Reykjavík 3. nóvember 2006.

Allsherjarnefnd Alþingis,  
Austursræti 8 - 10,  
150 Reykjavík.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um flutning  
verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til  
sýslumannsembættis**

Allsherjarnefnd Alþingis hefur með bréfi sínu dags.  
20. október sl. óskað umsagnar Happpdrættis Háskóla Íslands  
um ofangreint frumvarp. Umsögnin takmarkast við X. kafla  
frumvarpsins sem lýtur að lögum um happpdrætti.

1. Eðli máls samkvæmt hefur hver sýslumaður sitt  
lögsagnarumdæmi. Samkvæmt 24. gr. frumvarpsins er gert ráð  
fyrir að leyfisveitingar geti verið á hendi eins  
sýslumanns. Þá mun sá sýslumaður væntanlega hafa  
ákvörðunarvald (leyfisveitingar) í lögsagnarumdæmum annarra  
sýslumanna.


2. Í 24. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að breyting  
verði gerð á 1. mgr. laga nr. 38/2005 þannig að sýslumanni  
í stað ráðherra verði veitt heimild til að veita leyfi til  
að reka happpdrætti.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2005 stendur m. a.:  
"Happpdrætti þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi  
er óheimilt að reka nema samkvæmt sérstakri lagaheimild."  
Þetta ákvæði á við um Happpdrætti Háskóla Íslands. Breyting  
á 1. mgr. mun því ekki hafa áhrif á leyfisveitingu til  
Happpdrættis Háskóla Íslands.

3. Auk þeirrar ábendingar sem að ofan greinir eru ekki  
gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f. h. Happpdrættis Háskóla Íslands,

  
Brynjólfur Sigurðsson